

Ed.

104. Tillaga til þingsályktunar

[99. mál]

um skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við sveitarstjórnir, verkálýðs- og sjómannafélög og samtök atvinnurekenda á Suðurnesjum sérstakar ráðstafanir til þess, að á þeim stöðum verði rækjuvinnsla byggð upp með skipulögðum hætti, þannig að fyllstu hagsýni í fjárfestingu sé gætt og sérstaklega haft í huga, að samræmi sé milli fjárfestingar í veiðitækjum og vinnslutækjum í landi.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar hófst rækjuveiði á miðunum út af Reykjanesi. Rækjan, sem veiðist, hefur reynzt stærri og mun betri til vinnslu en sú, sem veiðist á Vestfjörðum.

Rækjan hefur verið unnin í Keflavík og öðrum sjávarplássum á Suðurnesjum. Hefur það komið sér einkar vel, sérstaklega er líða tók á sumarið, er annar sjávarafli fór minnkandi eða hætti alveg að berast á land, svo sem humar, svo að það hefur verið allmikil atvinnubót fyrir fólk í þessum þorpum við að vinna rækjuna.

Margir atvinnurekendur þar syðra hyggjast nú hefja rækjuvinnslu og afla tækja til vinnslunnar. Mörg dæmi eru um, að fjárfesting í einstökum greinum í sjávarútvegi þróist án nokkurrar heildarforustu um þarfir og raunhæfa hagkvæmni. Kemur það alltaf fram í offjölgun atvinnutækja, meiri og meiri sókn í stofninn, sem til er, og þar með ofveiði, svo að við liggur útrýming heilla tegunda sjávardýra.

Þegar rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna er þannig hruninn, verður afleiðingin alltaf lægra hráefnisverð, til þess að vinnslan geti borið sig. Slík skipulagslaus fjárfesting bitnar því ætíð fyrst og fremst á sjómönnum og útgerðarmönnum.

Ástæða er til að halda, að slíkt geti gerzt í sambandi við fjárfestingu vegna rækjuvinnslu á Suðurnesjum.

Enn ætti að vera tækifæri til að hindra slíka þróun. Því er lagt til, að ríkisstjórnin hafi forustu um, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að rækjuvinnslan verði byggð upp með skipulögðum hætti og fyllstu hagsýni gætt í fjárfestingu.

Jafnframt má á það benda, að nauðsynlegt er að kanna stærð rækjustofnsins á miðunum við Reykjanes og ákveða síðan, hve mikið megi veiða, án þess að stofninum stafi hættu af.